

# Starfsgreinasamband Íslands

---

Ársreikningur

---

**2020**

Starfsgreinasamband Íslands  
Guðrúnartúni 1  
105 Reykjavík  
kt. 601000-3340

---

# Starfsgreinasamband Íslands

---

Ársreikningur

---

**2020**

## **Efnisyfirlit**

Áritun óháðs endurskoðanda	2-3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-12

---

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar Starfsgreinasambands Íslands.

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Starfsgreinasambands Íslands fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2020, efnahag þess 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Starfsgreinasambandi Íslands í samræmi við alþjóðlegar siðreglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeignaði við endurskoðun á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Starfsgreinasambands Íslands. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

- Metum hvort reikningskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar. Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 20. maí 2021

**Deloitte ehf.**

Hilmar A. Alfredsson  
endurskoðandi

# Áritun stjórnar

---

Ársreikningur Starfsgreinasambands Íslands fyrir árið 2020 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Starfsgreinasamband Íslands er samband 19 verkalýðsfélaga og aðili að Alþýðusambandi Íslands. Sambandið er stærsta aðildarfélag ASÍ og starfar í samræmi við lög þess.

Á árinu 2020 námu tekjur Starfsgreinasambands Íslands umfram gjöld kr. 13.603.672 og nam bókfært eigið fé í árslok kr. 80.957.131.

Stjórn vill vekja athygli á tillögu sinni til framkvæmdastjórnar 10. september 2020. Framkvæmdastjórn samþykkir að leggja svofellda tillögu fyrir Formannafund SGS 24. - 25. september næstkomandi.

Í ljósi sterkrar fjárhagslegar stöðu Starfsgreinasambands Íslands samþykkir Formannafundur Starfsgreinasambands Íslands að fresta innheimtu álagðs skatts aðildarfélaga til SGS á síðasta ársfjórðungi 2020 (gjaldldagi 1. október 2020). Frestunin gildir til næsta þings SGS sem afgreiði málið endanlega.

Í framhaldi af og í samræmi við þessa tillögu mun framkvæmdastjórn SGS leggja til á þingi sambandsins 20. til 22. október 2021 – að álagður skattur á aðildarfélög SGS fyrir síðasta ársfjórðung 2020 verði felldur niður og komi ekki til neins konar innheimtu. Sjá nánar í skýringu 3.

Stjórn Starfsgreinasambands Íslands og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. maí 2021

**Í stjórn**

**Framkvæmdastjóri**

# Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
<b>Rekstrartekjur</b>			
Innheimtar skatttekjur .....		290.507.179	285.647.585
Hlutdeild ASÍ .....		(211.185.769)	(203.907.690)
Skatttekjur samtals .....	3	79.321.410	81.739.895
Aðrar tekjur .....	4	120.000	1.112.000
		<u>79.441.410</u>	<u>82.851.895</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	5	(30.610.383)	(31.948.047)
Almennur kostnaður .....	6	(32.059.966)	(49.236.329)
Afskriftir fastafjármuna .....	8	(2.574.472)	(254.423)
		<u>(65.244.821)</u>	<u>(81.438.799)</u>
<b>Rekstrarhagnaður</b>		14.196.589	1.413.096
Fjármunatekjur .....	7	359.802	1.251.111
Fjármagnsgjöld .....	7	(952.719)	(757.458)
		<u>(592.917)</u>	<u>493.653</u>
<b>Tekjur umfram gjöld á rekstrarárinu</b>		<u>13.603.672</u>	<u>1.906.749</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir	Skýr.	31.12.2020	31.12.2019
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	8	9.957.243	4.908.939
Fjárfestingaverðbréf .....	9	12.125.986	12.125.986
		<u>22.083.229</u>	<u>17.034.925</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Aðrar skammtímakröfur .....	10	1.986.305	4.358.137
Handbært fé .....	10	61.956.762	49.932.855
		<u>63.943.067</u>	<u>54.290.992</u>
<b>Eignir</b>		<u>86.026.296</u>	<u>71.325.917</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
Eigið fé .....	11	<u>80.957.131</u>	<u>67.353.459</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Aðrar skammtímaskuldir .....	12	<u>5.069.165</u>	<u>3.972.458</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>86.026.296</u>	<u>71.325.917</u>

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Innborganir:			
Innborganir frá sambandsfélögum .....		79.321.410	81.739.895
Innborgaðar aðrar tekjur .....		120.000	1.112.000
Innborgaðir vextir .....		359.802	1.251.111
		<u>79.801.212</u>	<u>84.103.006</u>
Útborganir:			
Greiddur ýmis kostnaður .....		(59.201.810)	(82.954.280)
Greiddir vextir .....		(952.719)	(757.458)
		<u>(60.154.529)</u>	<u>(83.711.738)</u>
Rekstrarhreyfingar .....		<u>19.646.683</u>	<u>391.268</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir .....	8	(7.622.776)	(5.088.464)
		<u>(7.622.776)</u>	<u>(5.088.464)</u>
Hækkun, (lækkun) handbærs fjár .....		12.023.907	(4.697.196)
Handbært fé í upphafi árs .....		49.932.855	54.630.051
Handbært fé í lok árs .....		<u>61.956.762</u>	<u>49.932.855</u>



# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Starfsemi Starfsgreinasambandsins felst í því meginhlutverki þess að sameina verkalyðsfélög í baráttunni fyrir bættum kjörum og standa vörð um áunnin réttindi og vera leiðandi afl innan verkalyðshreyfingarinnar og vettvangur umræðu um þróun samfélagsins í þágu launafólks.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Starfsgreinasambands Íslands fyrir árið 2020 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Skráning skatttekna

Skattur til Starfsgreinasambands Íslands er reiknaður sem hlutfall af félagsgjöldum sambandsfélaganna. Innheimta skatts Starfsgreinasambandsins af félagsgjöldum sambandsfélaganna er byggð á ársreikningum þeirra, en á áætlun þegar ársreikningar félaganna fyrir árið 2019 liggja ekki fyrir og er skattstofninn þá áætlaður með hliðsjón af síðasta framlögðum ársreikningi.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

# Skýringar

## 3. Skatttekjur

Skatttekjur Starfsgreinasambands Íslands greinast á eftirfarandi hátt:

	2020	2019
Skattstofn Starfsgreinasambands Íslands .....	2.644.047.005	1.900.927.791
Skatthlutfall SGS af félagsgjöldum .....	4,00%	4,30%
	105.761.880	81.739.895
Afsláttur af aðildargjöldum .....	(26.440.470)	0
	79.321.410	81.739.895

Framkvæmdastjórn SGS mun leggja til á þingi sambandsins 20. til 22. október 2021 að álagður skattur á aðildarfélög SGS fyrir síðasta ársfjórðung 2020 verði felldur niður og komi ekki til neins konar innheimtu.

## 4. Aðrar tekjur

	2020	2019
Tekjur vegna hagræðingardeildar .....	120.000	1.112.000
	120.000	1.112.000

## 5. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2020	2019
Laun .....	23.965.926	23.019.066
Tryggingargjald .....	1.781.129	1.765.571
Lífeyrissjóður .....	3.169.965	2.905.611
Sjúkra- og orlofsheimilásjóður .....	395.449	379.830
Reiknað áfallið orlof, breyting .....	38.970	1.026.460
Annar starfsmannakostnaður .....	1.258.944	2.851.509
	30.610.383	31.948.047
Stöðugildi að meðaltali .....	2,2	2,2

Heildarlaun og þóknanir til stjórnenda félagsins á árinu 2020 námu 14,3 milljónum króna (2019: 12,9 m.kr.)

# Skýringar

6. Almennur kostnaður	2020	2019
Húsaleiga .....	6.626.379	6.455.675
Samstarfssamningur SGS og ASÍ .....	7.427.609	7.236.266
Erlend aðildarfélög .....	2.349.904	4.769.435
Ferðakostnaður erlendis .....	0	546.713
Dagpeningar erlendis .....	0	201.692
Kostnaður vegna funda og þinga .....	2.853.862	18.969.368
Dagpeningar innanlands .....	0	209.217
Ökutækjastyrkir .....	83.995	33.046
Sími og burðargjöld .....	1.228.608	640.241
Pappír, prentun og ritföng .....	2.507.469	3.107.774
Skrifstofuáhöld og innréttingar .....	413.042	70.678
Tölvuþjónusta og rekstur tölvu .....	1.811.095	3.025.973
Kostnaður við gerð heimasíðu .....	1.289.662	4.521.265
Tímarit, bækur og áskrift .....	228.871	72.900
Gjafir og styrkir .....	275.000	98.800
Auglýsingar .....	182.114	1.582.331
Endurskoðun og reikningsskil .....	1.279.391	652.816
Önnur sérfræðiþjónusta og aðkeypt þjónusta .....	3.922.352	2.478.316
Iðgjöld og tryggingar starfsmanna .....	107.067	98.758
Námskeið og ráðstefnur .....	0	35.000
Fæðis- og kaffikostnaður .....	1.034.113	1.501.112
Annar kostnaður .....	499.293	64.944
Endurgreiddur kostnaður .....	(2.247.643)	(7.430.368)
	<u>32.059.966</u>	<u>49.236.329</u>

## 7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2020	2019
Vaxtatekjur af bankainnstæðum .....	461.285	1.603.989
Greiddur fjármagnstekjuskattur .....	(101.483)	(352.878)
	<u>359.802</u>	<u>1.251.111</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum .....	0	(24.486)
Þjónustugjöld .....	(60.601)	(42.425)
Vaxtagjöld .....	(892.118)	(690.547)
	<u>(952.719)</u>	<u>(757.458)</u>
	<u>(592.917)</u>	<u>493.653</u>

# Skýringar

## 8. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Áhöld, tæki og innréttingar
<b>Kostnaðarverð</b>	
Staða í ársbyrjun .....	5.837.449
Eignfært á árinu .....	7.622.776
Staða í árslok .....	13.460.225
<b>Afskriftir</b>	
Staða í ársbyrjun .....	928.510
Afskrift ársins .....	2.574.472
Staða í árslok .....	3.502.982
<b>Bókfært verð</b>	
Bókfært verð í ársbyrjun .....	4.908.939
Bókfært verð í árslok .....	9.957.243
Afskriftarhlutföll .....	30%

## 9. Fjárfestingaverðbréf

	2020	2019
Eignarhlutur í Eignarhaldsfélaginu Sætúni 1 ehf. ....	12.125.986	12.125.986
	12.125.986	12.125.986

Eignarhlutur Starfsgreinasambandsins í Eignarhaldsfélaginu Sætúni 1 ehf. nam 11,2 % í árslok og er færður á kostnaðarverði.

## 10. Aðrar peningalegar eignir

### Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2020	31.12.2019
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	1.295.000	1.155.000
Inneignir hjá sambandsfélögum .....	691.305	2.388.594
Samstarfssjóður SGS .....	0	814.543
	1.986.305	4.358.137

### Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2020	31.12.2019
Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum .....	61.956.762	49.932.855
	61.956.762	49.932.855

# Skýringar

## 11. Eigið fé

	Eigið fé
Eigið fé 1.1.2019 .....	65.446.710
Tekjur umfram gjöld ársins .....	1.906.749
Eigið fé 1.1.2020 .....	67.353.459
Tekjur umfram gjöld ársins .....	13.603.672
Eigið fé 31.12.2020 .....	80.957.131

## 12. Aðrar peningalegar skuldir

### Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2020	31.12.2019
Virðisaukaskattur .....	28.800	53.760
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	3.599.480	3.511.236
Fyrirfram innheimtir styrkir .....	342.927	342.927
Ógreiddur kostnaður .....	1.012.212	64.535
	5.069.165	3.972.458

## 13. Húsaleigusamningur

Þann 1. janúar 2019 tók nýr alþjóðlegur reikningsskilastaðall, IFRS 16 Leigusamningar, gildi. Staðallinn gerir kröfu um að færð verði leiguskuldbinding og nýtingaréttur til eignar vegna allra leigusamninga, með fáum undantekningum. Þann 23. desember sl. samþykkti reikningsskilaráð reglu um meðferð leigusamninga í reikningskilum leigutaka. Reglan veitir félögum sem beita ársreikningalögum við gerð reikningsskila heimild til að velja milli þess að halda reikningskilareglum fyrir leigusamninga óbreyttum eða beita reikningsskilaaðferðum í samræmi við IFRS 16. Stjórnendur félagsins hafa kosið að nýta sér þá heimild í þessum reikningsskilum.

Starfsgreinasambandið leigir húsnæði fyrir starfsemi sína samkvæmt leigusamningi við Eignarhaldsfélagið Sætún 1 ehf. Leigutími er til ársloka 2022. Gjaldfærðar leigugreiðslur í ársreikningi 2020 námu samtals 7,6 millj.kr. (2019: 7,4 millj.kr.). Til lækkunar koma leigutekjur frá fræðslusjóðnum Landsmennt, en Starfsgreinasamband Íslands leigir sjóðnum sem samsvarar einni og hálfri skrifstofu. Leigutekjur á árinu 2020 námu 1 millj. kr. (2019: 1 millj. kr.)

# Sundurliðanir

	2020	2019
<b>Rekstrartekjur</b>		
Skatttekjur .....	290.507.179	285.647.585
Hlutdeild ASÍ í skatttekjum .....	(211.185.769)	(203.907.690)
	<u>79.321.410</u>	<u>81.739.895</u>
<b>Aðrar tekjur</b>		
Tekjur vegna hagræðingardeildar .....	120.000	1.112.000
	<u>120.000</u>	<u>1.112.000</u>
<b>Laun og annar starfsmannakostnaður</b>		
Vinnulaun .....	23.965.926	23.019.066
Bifreiðastyrkir .....	912.600	862.162
Tryggingagjald .....	1.781.129	1.765.571
Lífeyrissjóður .....	3.169.965	2.905.611
Sjúkra- og orlofsheimilásjóður .....	395.449	379.830
Áunnið orlof, breyting .....	38.970	1.026.460
Annar starfsmannakostnaður .....	346.344	1.989.347
	<u>30.610.383</u>	<u>31.948.047</u>
<b>Almennur kostnaður</b>		
Húsaleiga .....	6.626.379	6.455.675
Samstarfssamningur SGS og ASÍ .....	7.427.609	7.236.266
Erlend aðildarfélög .....	2.349.904	4.769.435
Ferðakostnaður erlendis .....	0	546.713
Endurgreiddur ferðakostnaður .....	107.918	80.364
Kostnaður vegna funda og þinga .....	2.853.862	18.969.368
Sími og burðargjöld .....	1.228.608	640.241
Pappír, prentun og ritföng .....	2.507.469	3.107.774
Skrifstofuáhöld og innrétingar .....	413.042	70.678
Tölvuþjónusta og rekstur tölvu .....	1.811.095	3.025.973
Kostnaður við gerð heimasíðu .....	1.289.662	4.521.265
Tímarit, bækur og áskrift .....	228.871	72.900
Akstur og bifreiðastyrkur .....	83.995	33.046
Gjafir og styrkir .....	275.000	98.800
Auglýsingar .....	182.114	1.582.331
Endurskoðun og reikningsskil .....	1.279.391	652.816
Önnur sérfræðiþjónusta og aðkeypt þjónusta .....	3.922.352	2.478.316
Iðgjöld og tryggingar starfsmanna .....	107.067	98.758
Námskeið og ráðstefnur .....	0	35.000
Fæðis- og kaffikostnaður .....	1.034.113	1.501.112
Annar kostnaður .....	499.293	64.944
Dagpeningar erlendis .....	0	201.692
Dagpeningar innanlands .....	0	209.217
Endurgreiddur kostnaður .....	(2.247.643)	(7.430.368)
Afskrifaðar tapaðar kröfur .....	79.865	214.013
	<u>32.059.966</u>	<u>49.236.329</u>